

Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað lífbreytileiki í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar




Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu



Nú þegar gert í skólastarfinu



Hugur þekking



Lærið þið um dýr og plöntur á leikskólanum? 			
Vitið þið hvaða dýra- tegundir er að finna í nágrenni ykkar? (Munið að smádýr eru líka dýr). 			
Vitið þið hvaða plöntutegundir er að finna í nágrenni ykkar? 			
Getið þið nefnt einhver ?  dýr sem eiga heima á Íslandi? En dýr sem eiga heima í útlöndum?			
Hafið þið lært muninn á innlendum og erlendum plöntum eða dýrum? 			
Þekkið þið muninn á borgarnáttúru og villtri náttúru? 			
Hafið þið lært um heimsmarkmiðin? 			




Hjarta skólinn og samfélagið


Hvað af eftirtöldu er i nærumhverfinu?



Tré/skógur



Borgarnáttúra







Vatn






Fjara

Eitthvað annað? Hvað? Getið þið teiknað mynd af því?



Getið þið fundið gróður á leikskólalóðinni? En í nágrenni ykkar? (t.d. blóm, tré, runna, gras).				
Farið þið út að leika á hverjum degi?				
Á skólinn útikennslusvæði eða grenndarsvæði?				
Eruð þið að rækta grænmeti á skólalóðinni?				



<p>Gefið þið fuglunum á skólalóðinni á veturna? Ef já: Hvaða fuglar koma í mat?</p> 			
<p>Er gróður í nærumhverfi? sem þarf að hlúa að og passa?</p> 			
<p>Eruð þið að fara í gönguferðir þar sem þið skoðið hvaða dýr og plöntur eru á gönguleiðinni?</p> 			

Hvað af eftirtöldu er á skólalóðinni



Tré



Blóm



Gras



Hóll








Steinar



Eitthvað annað? Getið þið teiknað mynd af því? (T.d. Hraun, mosi, lyng, sandur, klettur)



Hendur aðgerðir



Eruð þið búnin að teikna plöntur, smádýr, fugla og dýr sem búa í umhverfi ykkar? 			
Gerðið þið eitthvað til að laða meira dýralíf að leikskólalóðinni (fuglahús, pödduhótel, fuglum gefið, dýr á lóðinni?) 			
Farið þið í fjöruferð og skoðið þörungum og sjávardýr? 			
Getið þið gert eitthvað til að passa dýrin sem búa á leikskólalóðinni eða nálægt henni? 			
Eruð þið með eitthvað svæði í fóstur og passið sérstaklega vel uppá? (vistheimtarsvæði í fóstur, kjarr í fóstur?) 			

<p>Farið þið í berjamó á haustin? Hvaða ber finnið þið?</p>			
<p>Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við lífbreytileika?</p>			

Hvað getur skólinn gert til að kynnast betur lífbreytileika